



**Knattspyrnudeild Þórs**  
**Óðinn Svan Óðinsson, formaður**  
**Reimar Helgason, framkvæmdastjóri**

Úrskurður: Kærumál nr. 3/2020 Þór vegna veðmálaauglýsinga

Reykjavík, 24. júní 2020.

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 23. júní 2020 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 22. júní 2020, í samræmi við 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmilega framkomu viðhafða að loknum leik Þórs og Grindavíkur í Lengjudeild karla, sem fram fór á Þórsvelli þann 19. júní sl. Hafi leikmenn og þjálfari Þórs komið fram í viðtölum klæddir derhúfum sem merktar voru vörumerki veðmálafyrirtækisins Coolbet. Var um að ræða framkomu sem eru að mati framkvæmdastjóra óheiðarleg og til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu. Ennfremur er það mat framkvæmdastjóra að framkoma þessi jaðri við og jafnvel brjóti í bága við ákvæði landslaga, sbr. b. lið 1. mgr. 11. gr. laga um happdrætti nr. 38/2005.

Framkomuna má sjá og lesa um á eftirfarandi vefslóðum:

1. Frétt á [fótbolti.net](#): [Vefslóð](#)
2. Frétt á [fótbolti.net](#): [Vefslóð](#)
3. Frétt á [fótbolti.net](#): [Vefslóð](#)
4. Frétt á [fótbolti.net](#): [Vefslóð](#)

Greinargerðin var send til knattspyrnudeildar Þórs og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina.

Á fundi nefndarinnar 23. júní 2020 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann sama dag frá Óðni Svani Óðinssyni. Að henni virtri og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð framkoma sem viðhöfð var að loknum leik Þórs og Grindavíkur í Lengjudeild karla, þann 19. júní 2020, hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu fellur framkoman undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.e), hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 100.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 23. júní 2020 að sekta knattspyrnudeild Þórs um kr. 50.000,- vegna framangreindrar framkomu leikmanna og þjálfara.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vill að lokum minna á nauðsyn þess að grein 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verði í heiðri höfð, en þar segir: *Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka*

*Þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.*

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,  
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson